

Ræða Sindra Viðarssonar á Austurvelli 22. nóvember 2008

*„Við sitjum nú í náðum vonum fyr
og væntum þess að bylnum mikla sloti,
að hugarfleygið fái skárri byr
og fljóti upp í tímans öldubroti
að tíminn standi eins og klettur kyr
og kallist á við liðinn dag að vonum
hann vísar heim og eins og áður fyr
er arfleifð þín og vænting bundin honum“.*

Þetta orti Matthías Johannessen í Hrunadansi í fyrra og passar eins og flís við rass. Ég hvet alla til lesturs. Og mér er létt. Það gæti hljómað sem þversögn þegar yfir vofir kreppa og harðna fer í búi en léttleikinn stafar af okkur, þessum þúsundum sem mættu í dag á mótmæli. Mörg er búmanns raunin.

Ætli það megi ekki þakka handboltalandsliði Íslands að hluta til. Þeir náðu samstöðu og fólk fann sig knúið til þess að fylkjast tugþúsundum saman og hylla árangur þeirra á Ólympíuleikum í Peking. Eitthvað segir mér að vorið verði bjart. Eitthvað telur mér trú um að dagar fáfræði og sandkassaleikja í stjórnámálum séu taldir. Þetta eitthvað erum við!

Og við þurfum að sýna að við erum ekki að brjóta niður gildismat Íslendinga til að skilja þjóðina eftir sundraða og tætta. Við ætlum að byggja upp betra Ísland og þeim skilaboðum verðum við að koma áleiðis; heim á bæi þeirra er bera enn þrælslund í hjarta gagnvart stjórnvöldum.

Ég fór daginn fyrir seinasta mótmælafund og hlýddi á, mér er sagt, einn fremsta hagfræðing heims: Aliber. Inntakið í pistli hans var lofsöngur um kenningaskóla Fukuyama. Við ættum að taka kreppunni með skilyrðum Alþjóðagjaldeyrissjóðs en sleppa láni frá honum. Við ættum að færa mikið af vinnuafli yfir í ferðamannageira; sóknarfærin væru í hótélbransa og stoðgreinum hans meðan krónan væri veik.

Gott og vel; líklega er þetta rétt hjá honum, fyrir utan að lánið er komið, en orðræða hans hélt möguleikanum opnum fyrir einkavæðingu án þess hann nefndi hana á nafn. Ég vil ekki einkavæða orkugeirann, ég vil ekki einkavæða heilbrigðisgeirann og enn síður menntageirann. Ég vil fá kvótann til þjóðarinnar. Við seljum ekki það sem við eigum ekki, við leigjum ekki það sem við eigum ekki og við gefum ekki það sem við eigum ekki! Fyrningarleið tel ég færa en við verðum að íhuga skrefin vel.

Það sem ég brýni fyrir ykkur er að hrapa ekki að ályktunum. Varðandi Alþjóðagjaldeyrissjóð, ESB og allra síst það sem þið kjósið á komandi misseri.

Ég get haldið langa tölu um sökudólga, ábyrgð, svik, brot á trúnaði og þjóðarslys af völdum

auðmanna og stjórnvalda, en ég ætla ekki að gera það. Ég veit að við skiljum það. Það tók tíma, alltof langan tíma enda um að ræða stóran bita til þess að kyngja. Tilfinningin er eins og að gleypa kartöflu; heita, þurra og stóra kartöflu. Í ljósi þess ætla ég að segja ykkur dæmisögu:

Mér er boðið í mat og á boðstólnum eru jú kartöflur. Sumir fá smjör til að meyra þær, hnífapör til að skræla og stinga í, m.a.s. salt fyrir bragðið. Ég fæ þó bara kartöflu og sé að ég er ekki einn. Að lokinni „veislunni“ þakkar fólkið fyrir sig enda kurteist fólk. Sumir standa þó með mér og segja að við viljum ekki einungis kartöflur, við viljum hníf og smjör og salt. Töflurnar hafi staðið í hálsi okkar. Gestgjafi snýr sér snubbótt og hissa við, réttir okkur ruslapoka og beiðist þess að við hendum þeim í tunnuna á leiðinni út.

Nú fækkar í hópnum og tveir ruslapokar eru á leiðinni út. Meðan staðið er og maldað í móinn réttir gestgjafinn okkur fleiri ruslapoka og biður okkur að fara með þá heim, nú sé ekki pláss í hans tunnu. Við stöndum eftir.

Við sem stöndum eftir reynum að koma vitinu fyrir manninn. Við tölum rólega um fnykinn sem þeir bæru með sér í stætóinn og möguleikann á því að nágrannar litu okkur hornauga ef ruslafatan þeirra yrði yfirfull.

Skríll! heyrst kallað frá gestgjafanum meðan hann stuggar okkur í burtu. Við snúum við með vonleysi í svip, höldum á ruslapoka. Ég sný mér að gestgjafanum, dreg andann og kalla: þetta er þitt rusl og ég hvorki kem til með að henda því yfir á aðrar kynslóðir né henda því sjálfur. Hreinsaðu til það sem þú getur og vaktu svo inn í skömm; auðmjúkur, og hver veit nema ég borði hjá þér aftur. Fyrst þarftu þó að læra að elda nýjan mat og koma fram við gesti þína á jafnréttisgrundvelli.

Hvar er réttlætiskenndin? Hvar er lágmarkshugsun um okkar framtíð?

Góðærinu er lokið og taka þarf í tauma. Skipta þarf um knapa, hnakk og skeifur. Spurningin er með öðrum orðum: Viljum við ofurselja Ísland og halda ímynd landsins óbreyttri? Tækifærissinnuð þjóð sem gengur kaupum og sölum milli best borgandi kunnans eða eigum við að stappa niður fótum, ryðjast gegnum dyr út í óveður vetrar og taka til höndunum líkt forfeðrum okkar. Okkar er valið.

Ég veit hvað ég vel og vona innilega að það sama gildi um þig; að byggja ímynd okkar upp út á við til heiðvirðrar stöðu meðal þjóða og það gerum við ekki með sömu stjórnvöldum og leyfðu henni að grotna niður .

Góðir mótmælendur: Kartaflan hefur verið kokgleypt og melting er hafin. Höfum réttlæti í huga en ekki hefnd. Höfum náungakærleik í hjartastað og kaupum það seinasta sem keypt verður í langan tíma: Betra samfélag sem byggir á jöfnuði en ekki spillingu, það byggir á jöfnum auði en ekki flokksskírteinum, það byggir á samhjálp liðinna alda.

Takk fyrir áheyrnina.